



ÍSÖR

á vit verðmæta

ÁRSSKÝRSLA 2005

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	3
Starfsemi ÍSOR 2005	4
Reikningar ÍSOR 2005	8
Jarðhitasvæðið í Urriðavatni í Fellum og Hitaveita Egilsstaða og Fella	10
Verkefni ÍSOR í Úganda	12
Jarðhitakennsla í starfi ÍSOR	13
Flokkun jarðhitafyrirbæra á háhitasvæðum	14
Útfellingarannsóknir	16
Jón Jónsson jarðfræðingur	17
Ýmis verkefni á árinu	18
ÍSOR activities in 2005	20
Skrá yfir skýrslur og greinar	22
Annáll starfsmannafélagsins	26

ÍSLENSKAR ORKURANNSÓKNIR

Reykjavík: Orkugarður, Grensásvegi 9, 108 Rvk.

Sími: 528 1500 - Fax: 528 1699

Akureyri: Rangárvöllum, P.O. Box 30, 602 Ak.

Sími: 528 1500 - Fax: 528 1599

isor@isor.is - www.isor.is

Ritnefnd: Páll, Ragna og Brynja

Umbrot: Brynja Jónsdóttir

Prentun: Svansprent

Forsíðumynd: Brennisteinsbakteríur í heitri uppsprettu

í Vonarskarði, ljósm.: Haukur Jóhannesson, einnig s. 2, 12, 13

Aðrar ljósmyndir: Starfsmenn ÍSOR, nema á s. 3, 4, 10, 26

ISBN: 9979-780-37-1



Ávarp stjórnarformanns

Mótun stefnu til næstu ára fyrir ÍSOR hefur verið í brennidepli hjá stjórn fyrirtækisins að undanförunu. Nokkrir stefnumótunarfundir hafa verið haldnir með helstu stjórnendum ÍSOR og sérstök áhersla lögð á að fá fram sjónarmið og skoðanir starfsmanna. Á þessum fundum hefur starfsemin verið yfirfarin og greint eðli hennar og framtíðarhorfur, sóknarfæri og tækifæri; ógnir og hættur.

Einhugur ríkir um það að ÍSOR verði áfram leiðandi rannsóknar-, þróunar- og ráðgjafarfyrtækja í jarðhitamálum, í fremstu röð slíkra fyrirtækja á heimsvísu. Til þess þarf að reka fyrirtækið með hagnaði á hverjum tíma og ábyrgð hvað varðar rekstrarafkomu er nú skýrari en áður. Til þess að varðveita fengna reynslu og efla enn frekar rannsóknarstarfsemina verður daglegur rekstur að skila nægilegum afgangi.

Helsta auðlind ÍSOR er sérfræðiþekking starfsmanna og hagur stofnunarinnar byggist á að virkja sem best þá auðlind. Ekki er þó sjálfgefið að óbreytt staða haldist, heldur verður markvisst að hlúa að starfseminni og viðhalda og skapa samkeppnishæft starfsumhverfi. Til þess verðum við að efla ÍSOR sem eftirsóknarverðan starfsvettvang.

Íslenski markaðurinn er lítill og í því felst viss ógnun. Fjórir stærstu viðskiptavinir ÍSOR skapa um 72% af tekjunum og tíu þeir stærstu um 87%. Það gefur auga leið að fyrirtækið er viðkvæmt fyrir samdrætti á framkvæmdasviðinu, svo ekki sé talað um ef einhverjir viðskiptavinanna ákveða að taka eigin verkefni til sín.

Á tímum útrásar er það eitt af verkefnum okkar að vinna markvisst að því að efla erlent samstarf, og ekki verður séð að unnt sé að auka starfsemina að nokkru marki nema með því að afla aukinna verkefna erlendis.

Starfsmenn hafa látið í ljós töluverðar áhyggjur af því að fyrirtækið kunni að verða gert að hlutafélagi og síðan hugsanlega selt. Engin teikn eru á lofti þess efnis að eigandi fyrirtækisins, hið opinbera, áformi að selja það, ekki að svo stöddu a.m.k. Ekki verður heldur séð að rekstrarformið skipti sköpum. Jafnvel þótt fyrirtækið yrði gert að hlutafélagi er ekki þar með sagt að arður yrði greiddur út úr því. Krafa um arðsemi í rekstri er nauðsynleg – hver svo sem eigandinn er og hvernig svo sem arðinum er ráðstafað. Fyrirtækinu er ætlað að starfa á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði og afla sér þannig tekna.

Eitt má þó benda á í þessu samhengi en það lýtur að kjörum starfsmanna ÍSOR. Þeir eru ríkisstarfsmenn og taka því laun samkvæmt kjarasamningum hins opinbera. Þessi staðreynd getur skipt máli ef mikil samkeppni er um vinnuafli og launaskrið á vinnumarkaðnum.

Á hinn bóginn má segja að því ferli umbreytinga sem fylgdi fyrstu starfsárunum sé nú lokið, ef yfirleitt er hægt að tala um að breytingu sé lokið hjá fyrirtækjum með starfsemi sem er í stöðugri þróun. Vonast er til að sú nákvæma greining sem fram hefur farið á starfinu verði öllum til hagsbóta.

Telja verður að skýrari línur liggi nú fyrir um starfsemina og mjög mikilvægt að góð samstaða verði áfram um starfsemi ÍSOR.

Framundan eru miklar breytingar á orkumarkaði og rekstrarumhverfi orkufyrirtækja og miklu máli skiptir fyrir þjóðina að vel takist til. Stjórn ÍSOR vill leggja sitt að mörkum til að svo megi verða.

Guðrún Helga
Brynleifsdóttir



Starfsemi ÍSOR 2005

*Yfirlit forstjóra
Ólafs G.
Flóvenz*



Árið 2005 einkenndist af miklu annríki hjá ÍSOR við margvísleg rannsóknar- og ráðgjafarverkefni, bæði í tengslum við virkjanir í byggingu og undirbúning nýrra virkjana. Í heild gekk starfsemin vel.

Rekstrarafkoma ársins var í samræmi við áætlanir, veltan nam um 560 Mkr og var rekstrarhagnaður eftir fjármagnsliði en fyrir afkomutengd árangurslaun um 23,5 Mkr. Í samræmi við reglugerð, kjarasamninga við starfsmenn og eðli starfseminnar er rekstrarhagnaði ÍSOR varið til að efla rannsóknarfærni stofnunarinnar og til greiðslu árangurstengdra launa. Eigið fé ÍSOR var í árslok um 156 Mkr og eiginfjárhlutfall um 51%. Handbært fé í árslok var um 24 Mkr og lækkaði það um 33 Mkr vegna mikilla fjárfestinga í tækjum til að anna vaxandi eftirspurn. Þótt fjárhagsstaða ÍSOR kunni að virðast traust er vert að geta þess að um 59% af rekstrarkostnaði ÍSOR er launakostnaður og starfsemin því viðkvæm fyrir sveiflum í verksölu.

Orkugarður

Síðla ársins lauk framkvæmdum við sameiginlegt rými stofnana Orkugarðs. Tekinn var í notkun nýr og vel búinn fundarsalur ásamt nýrri móttöku og matstofu á 1. hæð að Grensásvegi 9 þar sem Sala varnarliðseigna var áður til húsa. Gjörbreytir þetta ásjúnd fyrirtækjanna í Orkugarði og aðstöðu starfsmanna. Jafnframt var gerður leigusamningur við Fasteignir ríkissjóðs og greiðir ÍSOR markaðsleigu af því húsnæði sem stofnunin hefur í Orkugarði. Jafnframt var gerð tímasett áætlun um framkvæmdir og endurbætur á Orkugarði og umhverfi hans. Á framkvæmdum að ljúka fyrir haustið 2008 með frágangi lóðar. Í lok ársins stofnuðu ÍSOR og Orkustofnun Rekstrarfélag Orkugarðs sem annast mun rekstur hússins og sameiginlega þjónustu fyrirtækja og stofnana þar.

Starfsmannahald

Frá því Rannsóknasvið Orkustofnunar, forveri ÍSOR, tók til starfa í ársbyrjun 1997 hefur verið hægur en stöðugur vöxtur í starfseminni. Ef reiknað er út frá unnum vinnustundum hefur ársverkum fjölgað á þessum tíma úr 48 í 63 eða um 31%, þar af um 3 ársverk milli áranna 2004 og 2005. Á árinu lét Karl Gunnarsson, jarðeðlisfræðingur af störfum eftir aldarfjórðungsstarf, einkum á sviði hafsbotsrannsókna og mannvirkjajarðfræða og hvarf til annarra fræðistarfa. Ráðnir voru fjórir nýir heilsársstarfsmenn til ÍSOR, Anette Mortensen og Sigurður G. Kristinsson, jarðfræðingar, Júlíana Signý Gunnarsdóttir, sem tók við umsýslu borsvarfs, og Violeta Calian, eðlisfræðingur. Þá hóf Guðmundur Sigurðsson, rafeindavirki, störf við borholumælingar í árslok 2004. Að auki voru 14 skammtímaráðnir starfsmenn hluta ársins, einkum námsmenn yfir sumartímann.

Á árinu vann starfshópur að skilgreiningu á starfsmannastefnu ÍSOR og var hún samþykkt síðla árs og birt á heimasíðu ÍSOR.

Helstu þjónustuverkefni ársins

Stærsti hluti vinnu ÍSOR á árinu tengdist áformum um nýtingu háhitasvæðanna til raforkuvinnslu. Þar þar hæst vinnu tengda byggingu raforkuveranna á Hellisheiði og Reykjanesi. Þar koma starfsmenn ÍSOR að öllu því sem lýtur að jörðinni sjálfri og eiginleikum hennar sem er að sjálfsgöðu grundvöllur virkjananna. Þar má nefna allar rannsóknir á jarðlögum og eiginleikum þeirra m.t.t. orkuvinnslu, kaldavatnsöflunar og förgunar affallsvatns, þjónustu við boranir og mælingar í borholum, afkastamælingar borholna, vinnu við mat á umhverfisáhrifum og mat á afkastagetu jarðhitasvæðanna.

Jarðhitaleit á lághitasvæðum hélt áfram og varð ánægjulegur árangur á nokkrum stöðum í kjölfar rannsókna ÍSOR. Á Hjalteyri var boruð ný vinnsluhola fyrir Norðurorku sem gaf afburðagóðan árangur og er með afkastamestu lághitaholum landsins. Við Urriðavatn náðist mjög góður árangur fyrir Hitaveitu Egilsstaða og Fella. Svipaða sögu má segja um borun við Kaldárholt fyrir Hitaveitu Rangæinga og á Hólum í Hjaltadal. Þá fannst heitt vatn í Hrolleifsdal í Skagafirði sem opnar möguleika á hitaveitu fyrir Hofsós.

Á Heimaey var boruð djúp rannsóknarhola nærri Eldfellssprungunni. Niðurstöður hennar varpa nýju ljósi á jarðfræði og myndunarsögu Eyjanna en lítið fannst af heitu vatni.

Verkefni ÍSOR á sviði mannvirkjajarðfræði voru með mesta móti. Unnið var að forrannsóknum vegna hugmynda um jarðgöng milli lands og Eyja, rannsóknum vegna sprungna í grennd við stíflur og jarðgöng Kárahnjúkavirkjunar og rannsóknir vegna þverunar Reykjafjarðar í Ísafjarðardjúpi.

Á árinu var gerður samningur milli ÍSOR og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands vegna þróunaraðstoðar PSSÍ í jarðhitamálum. Unnu starfsmenn ÍSOR við jarðhitarrannsóknir í Úganda og aðstoðuðu við skipulagningu á jarðhitastarfsemi í Nikaragúa. Þá vann sérfræðingur frá ÍSOR að jarðhitarrannsóknum á Diskóeyju við Grænland fyrir iðnaðarráðuneytið.

Samevrópsk verkefni

Um margra ára skeið hafa jarðhitarrannsóknir átt lítið upp á pallborðið í orkuáætlunum ESB. Fulltrúar Íslands í stjórnarnefnd orkurannsókna 6. rammaáætlunar ESB hafa með dyggum stuðningi Rannís og ráðuneyta iðnaðar- og menntamála unnið skipulega að því að fá þessu breytt með því að vekja athygli á möguleikum jarðhita í orkubúskap heimsins m.a. með því að vísa til mikils árangurs Íslendinga á þessu sviði. Þessi barátta leiddi til þess að ESB opnaði rannsóknarsjóði sína fyrir jarðhitarrannsóknum á s.l. ári. Í framhaldi af því höfðu ÍSOR, GeoForschungsZentrum í Potsdam og franska jarðfræðistofnunin BRGM forgöngu um að mynda samevrópska rannsóknahópa sem sendu inn þrjár umsóknir um styrki til jarðhitaverkefna. Að auki var ÍSOR aðili að fjórðu umsókninni undir forystu grískrar stofnunar. Skemmst er frá því að segja að þrjár af þessum fjórum umsóknum hafa hlotið styrki úr rammaáætlunum ESB og vantaði herslumuninn á að sú fjórða næði fram að ganga. Vinna við þessi þrjú verkefni er nú um það bil að hefjast. Þessi verkefni heita I-GET, ENGINE og LOW-BIN.

I-GET verkefnið gengur út á þróun jarðeðlisfræðilegra mælinga til leitar að djúpum og óhefðbundnum jarðhitakerfum, ENGINE felst í samhæfingu núverandi rannsóknar- og þróunarstarfa Evrópuríkja við rannsókn óhefðbundinna jarðhitasvæða og LOW-BIN felst í þróun tækni til raforkuvinnslu úr lághita. Öll þessi verkefni munu standa í um 3 ár.

Landgrunnsmálin

Á árinu voru landgrunnsmálin fyrirferðarmikil í starfi ÍSOR og voru 3-4 menn bundnir við það verk drjúgan hluta ársins. Stærstur hluti verksins, sem er unnið fyrir íslensk stjórnvöld, felst í því að útbúa og túlka gögn sem verða grundvöllur að kröfugerð Íslands til landgrunnsréttinda, þ.m.t. auðlinda hafsbotnsins, utan 200 mílna efnahagslögsögunnar. Jafnframt var veitt sérfræðiaðstoð við undirbúning leyfisveitinga til olíuleitar og olíuvinnslu á Jan Mayen-svæðinu.



Unnið við mælingar á leið aðrennslisganga Kárahnjúkavirkjunar.



Landgrunnsþópurinn: Bjarni Richter, Sigvaldi Thordarson, Steinar Þór Guðlaugsson og Hjálmar Eysteinsson.

Jarðhitaskólinn

Kennsla og þjálfun styrkþega við Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna var fyrirferðarmikil í starfsemi ÍSOR sem endranær. Tólf sérfræðingar ÍSOR héldu kennslufyrirlestra, 26 kenndu við sérhæfð námskeið, 22 komu að leiðsögn við lokaverkefni og tveir meistaranemar nutu leiðsagnar ÍSOR manna. Þá fóru þrír sérfræðingar ÍSOR til Kenya og kenndu þar á námskeiði fyrir stjórnendur og áhrifamenn í jarðhitamálum í ríkjum A-Afríku.

Jarðhitabókin

Snemma árs kom út Jarðhitabók eftir Guðmund Pálmason, fyrrum forstöðumann Jarðhitadeildar Orkustofnunar. Bókin er afrakstur margra ára vinnu Guðmundar með dyggum stuðningi fjölmargra samstarfsmanna hans, ekki síst á ÍSOR og Orkustofnun. Bókin er í senn gott yfirlitsrit um sögu og þróun jarðhitanýtingar á Íslandi og fræðandi rit um þá tækni sem að baki býr. Hlaut bókin afburða góða dóma og var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2005.

Gagnavefsjá Orkugarðs

Gagnagrunnar Orkustofnunar og ÍSOR geyma mikið af gögnum um auðlindir og náttúru Íslands. Til að auðvelda aðgang að þessum gögnum hefur verið smíðuð Gagnavefsjá sem opin er almenningi. Þar er veittur aðgangur að þeim gögnum um orkulindir, orkubúskap, orkunotkun og aðrar rannsóknir á náttúrufari landsins sem hefur verið aflað fyrir almannafé og að þeim gögnum sem stofnanirnar hafa aflað fyrir aðra sem hafa gefið samþykki sitt til birtingar. Gagnavefsjain er samvinnuverkefni Orkustofnunar og ÍSOR. Á árinu var Gagnavefsjain valin til að vera framlag Íslands í flokki vísinda í alþjóðlegri samkeppni um



Alþjóðajarðhitaráðstefnan Antalya, Tyrklandi

Alþjóðajarðhitaráðstefnan WGC-2005 var haldin á vegum Alþjóðajarðhitasambandsins (IGA) í apríl. Þetta var í þriðja sinn sem IGA heldur slíkar alheimsráðstefnur um jarðhita og hafa þær allar verið mjög vel sóttar, 1000-1500 manns hvaðanæva úr heiminum. Hin fyrsta var í Pisa 1995, þá í Japan árið 2000 og loks núna í Tyrklandi.

Ráðstefnan í Tyrklandi heppnaðist afar vel. Þeir sem sóttu ráðstefnuna frá Íslandi upplifðu flestir sterkt hve mikið álit umheimurinn hefur á Íslendingum fyrir frammistöðu okkar í jarðhitamálefnum og fyrir framlag okkar til þeirra mála á heimsvísu, ekki síst gegnum árangursríkt starf Jarðhitaskólans. Það er líklega ekki á mörgum öðrum stórum alþjóðlegum ráðstefnum þar sem örríkið Ísland hefur stöðu stórveldis!



Virkjun í Germansik og jarðhitasvæðið í Pamukkale.



Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra sat ráðstefnuna allan tímann og var viðvera hennar afar mikilvægur stuðningur við íslenska jarðhitamenn.

Þáttur Íslendinga stór - 17 sérfræðingar frá ÍSOR



Ráðstefna þessi er mikill viðburður í huga þeirra sem stunda jarðhitarannsóknir og því hefur ÍSOR hvatt menn til að sækja ráðstefnuna. Alls 17 starfsmenn ÍSOR sóttu ráðstefnuna að þessu sinni. Til þess að sem flestir gætu sótt ráðstefnuna eyddu nokkrir sumarfríinu sínu í að fara og sóttu um framlög í starfsmenntunarsjóði sína. Framlag ÍSOR greiddi það sem eftir stóð af ferðakostnaði og uppihaldi, svo og allan undirbúning erinda.

Nýmiðlunarverðlaun Sameinuðu þjóðanna. Samkeppnin er að frumkvæði European Academy of Digital Media og er skipulögð og unnin undir merkjum leiðtogafundar Sameinuðu þjóðanna um upplýsingasamfélagið. Meginmarkmið keppinnar er að brúa bilið milli þeirra sem skammt og langt eru komnir í að notfæra sér upplýsingatækni og efla gerð net- og nýmiðlunarefnis í heiminum.

Ýmsar nýjungar

ÍSOR sinnir jafnan töluverðu þróunar- og rannsóknarstarfi, bæði til að efla færni stofnunarinnar og til að auka kunnáttu og skilning á jarðfræði landsins og náttúruauðlindum þess og miðla þeirri þekkingu. Á árinu fólst drjúgur hluti þessa starfs í ritun 28 greina fyrir jarðhitaráðstefnuna WGC-2005. Að auki var unnið að allmörgum verkefnum á sviði þróunar- og grunnrannsókna.

Þá eignaðist ÍSOR nýjan, stóran og sérhæfðan bíl til borholumælinga en átti fyrir einn svipaðan og tvo minni. Bíllinn var keyptur á Íslandi en sendur til yfirbyggingar hjá fyrirtæki í Kanada sem sérhæfir sig í smíði borholumælíbíla.

Ársfundur ÍSOR

Ársfundur ÍSOR var haldinn í Eldborg í Svartsengi 18. mars 2005. Hann var helgaður jarðhita og jarðfræði Reykjanesskagans. Þar flutti iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir ávarp, forstjóri ÍSOR gaf yfirlit um starfsemi liðins árs, Kristján Sæmundsson fjallaði um jarðfræði og auðlindir á Reykjanesskaga, Sverrir Þórhallsson um orkuvinnslu þar, Haukur Jóhannesson um útivist og auðlindanýtingu á Reykjanesskaga og Júlíus Jónsson ræddi um framtíðarsýn Hitaveitu Suðurnesja. Fundarstjóri var Vigdís Harðardóttir og var húsfullir á fundinum.



Enex var með bús á ráðstefnunni og kynnti getu Íslendinga á sviði jarðhita.



Höfundar 28 greina í ráðstefnuritinu

ÍSOR átti sinn skerf í fyrirlestrum á ráðstefnunni, því haldin voru 28 erindi þar sem starfsmenn ÍSOR voru höfundar. Íslendingar áttu alls aðild að 53 greinum af þeim 705 ritrýndu greinum er birtust í ráðstefnuritinu.



Mannlíf

Þátttakendur áttu þess einnig kost að skoða jarðhitastaði og virkjanir svo og hið fjölskrúðuga mannlíf og fagra náttúru Tyrklands. Andblær sögunnar er hvarvetna og var ævintýri líkast fyrir Frónbúann að ganga eftir marmaraprepum frá tíð Rómverja.



Reikningar ÍSOR 2005

Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Íslenskra orkurannsóknna, ÍSOR, er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og er gerður eftir sömu aðferðum og árið áður.

Um Íslenskar orkurannsóknir gilda ákvæði laga nr. 86/2003. Hlutverk þeirra er að vinna að verkefnum og rannsóknum á sviði náttúrufars, orkumála og annarra auðlindamála.

Samkvæmt rekstrarreikningi varð hagnaður af rekstri fyrirtækisins á árinu að fjárhæð 13.696 þús. kr. Á árinu námu fjárfestingar fyrirtækisins 41.023 þús. kr. Eignir Íslenskra orkurannsóknna námu 305.142 þús. kr., skuldir 148.509 þús. kr. og eigið fé nam 156.633 þús. kr. í árslok 2005 samkvæmt efnahagsreikningi. Að öðru leyti vísast til ársreiknings um rekstur stofnunarinnar á árinu og fjárhagsstöðu í lok þess.

Stjórn Íslenskra orkurannsóknna og forstjóri staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2005 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. febrúar 2006.



Guðrún Helga Brynleifsdóttir,
formaður.




Svanfríður Jónasdóttir.




Þórarinn E. Sveinsson.



Hákon Björnsson.



Jóhannes Pálsson.



Ólafur G. Flóvenz,
forstjóri.

Áritun endurskoðenda


Til stjórnar Íslenskra orkurannsóknna

Við höfum endurskoðað ársreikning Íslenskra orkurannsóknna fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 9. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Íslenskra orkurannsóknna og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.


Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Íslenskra orkurannsóknna á árinu 2005, efnahag 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 28. febrúar 2006



Sigurður Þórðarson,
ríkisendurskoðandi.



Sveinn Arason,
endurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2005

	Skýr	2005	2004
Rekstrartekjur			
Þjónustutekjur		432.458.602	366.997.070
Leigutekjur		107.654.916	92.193.625
Framlög og styrkir		19.670.226	30.304.744
Rekstrartekjur		559.783.744	489.495.439
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	1	323.499.131	297.622.694
Önnur rekstrargjöld	6	204.185.192	136.996.770
Afskriftir	3	22.112.500	25.660.632
Rekstrargjöld		549.796.823	460.280.096
Rekstrarhagnaður		9.986.921	29.215.343
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	2	3.708.789	(2.116.001)
Hagnaður ársins		13.695.710	27.099.342

Sjóðstreymi árið 2005

	Skýr	2005	2004
Rekstrarhreyfingar			
<i>Veltufé frá rekstri</i>			
Hagnaður ársins		13.695.710	27.099.342
Afskriftir	3	22.112.500	25.660.632
<i>Veltufé frá rekstri</i>		35.808.210	52.759.974
<i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum</i>			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(36.546.548)	14.094.725
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		9.021.181	5.396.180
<i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum</i>		(27.525.367)	19.490.905
Handbært fé frá rekstri		8.282.843	72.250.879
Fjárfestingahreyfingar			
Tæki og búnaður	3	(38.241.668)	(37.636.960)
Áhættufjármunir		(2.781.219)	0
Fjárfestingahreyfingar		(41.022.887)	(37.636.960)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(32.740.044)	34.613.919
Handbært fé í upphafi rekstrar		57.200.354	22.586.435
Handbært fé í lok ársins		24.460.310	57.200.354

Efnahagsreikningur 31. desember 2005

	Skýr	31.12.2005	31.12. 2004
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	3	93.628.597	77.499.429
Áhættufjármunir			
Hlutabréf	4	6.811.651	4.030.432
Fastafjármunir		100.440.248	81.529.861
Veltufjármunir			
Óreikningsfærð verk		7.270.303	7.090.908
Skammtímakröfur		172.971.060	136.603.907
Sjóður og bankareikningar		24.460.310	57.200.354
Veltufjármunir		204.701.673	200.895.169
Eignir alls		305.141.921	282.425.030
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Höfuðstóll	5	156.633.344	142.937.634
Eigið fé alls		156.633.344	142.937.634
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Skammtímaskuldir		148.508.577	139.487.396
Skuldir alls		148.508.577	139.487.396
Eigið fé og skuldir alls		305.141.921	282.425.030

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Íslenskra orkurannsóknna er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er í íslenskum krónum. Að öðru leyti er hann í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og notaðar voru árið áður.

Tekjur

Tekjur eru færðar við útgáfu reikninga. Í árslok eru áunnar óreikningsfærðar tekjur bókfærðar.

Gjöld

Gjöld eru bókfærð eftir að reikningar hafa verið samþykktir. Í árslok eru ógreidd gjöld ársins bókfærð.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan endingartíma eignanna þar til niðurlagsverði er náð.

Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kaupverði.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði án niðurfærslu.

Handbært fé

Handbært fé eru óbundnar innistæður á bankareikningum.

Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna Íslenskra orkurannsóknna er áhvílandi. Hún er ekki færð hjá fyrirtækinu heldur með öðrum lífeyrisskuldbindingum hjá ríkissjóði.

Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði.

Skattar

Fyrirtækið greiðir ekki tekjuskatt.

Jarðhitasvæðið í Urriðavatni í Fellum

Öflugt
jarðhitakerfi
undir
Urriðavatni
gefur nægjanlegt
heitt vatn fyrir
hitaveituna
næstu ár og
áratugi

Jarðhiti á láglendi Austurlands er afar lítill, öfugt við flesta aðra landshluta. Jarðhitasvæðið í Urriðavatni í Fellum, skammt norðan Egilsstaða, er eitt af örfáum slíkum. Þar fyrir utan finnst jarðhiti á Vopnafirði, inni í Fljótsdal og Jökuldal og á hálendinu vestur af dölunum tveimur. Þá hefur nýtanlegur jarðhiti fundist í Eskifirði, þó engin ummerki hafi verið um hann á yfirborði. Allt er þetta lághiti og er hæsti þekkti hitinn um 80°C. Ástæðan fyrir því að minni jarðhiti er á Austurlandi en annars staðar á Íslandi er talið vera óhagstætt spennuástand og minni jarðskorpuhreyfingar, en hiti er víða nægur á 1-2 km dýpi.

Lengi hafði verið kunnugt um vakir á ís á Urriðavatni og jarðhitarannsóknir sem hófust þar 1963 staðfestu tilvist jarðhita á botni vatnsins. Það ár voru fyrstu tvær holurnar boraðar, önnur þeirra af þruma úti á vatninu. Í kjölfarið fylgdu ýmsar rannsóknir, þ.á.m. kortlagning á vökum, segulmælingar, viðnámsmælingar og jarðfræðirannsóknir. Á árunum 1975-1977 voru svo boraðar tvær djúpar holur á svæðinu, ein á austurbakka Urriðavatns og hin á garði sem lagður var út í vatnið. Sú síðarnefnda (hola 4) varð 1600 m djúp og gaf 15-20 l/s af 65°C heitu vatni.

Hitaveita Egilsstaða og Fella (HEF) tók til starfa undir lok árs 1979. Rannsóknur var haldið áfram og tvær holur boraðar til viðbótar. Hola 5 var boruð 1980 og gaf 10-15 l/s af 53°C heitu vatni, en hola 6, sem boruð var 1981 um 150 m úti í vatninu, gaf lítið. Fyrstu þrjú starfsár HEF byggðist vinnslan fyrst og fremst á holum 4 og 5. Æðar þeirra eru tiltölulega grunnar og fylgdi sá böggul skammrifi að vatn úr Urriðavatni seytlaði niður í æðarnar, sem olli því að vatnshitinn lækkaði svo mikið og hratt að í óefni horfði. Hola 4 kólnaði t.d. úr 65 í 50°C á þessum tíma.

Sumarið 1982 voru framkvæmdar viðamiklar rannsóknir á jarðhitasvæðinu með það að markmiði að finna meira og heitara vatn. Meðal annars var beitt viðnámsniðsmælingum, sem þá var ný aðferð sem hentar vel til að leita eftir nærri lóðréttum vatnsleiðandi sprungum. Niðurstöður rannsókna breyttu hugmyndum manna um gerð og eðli jarðhitakerfisins verulega. Segja má að í kjölfarið hafi komið fram nýtt líkan af jarðhitakerfinu. Meginatriði nýja líkansins var það að aðalvatnsleiðari, eða uppstreymisrás, jarðhitakerfisins væri sprungubelti með NA-SV stefnu. Sprungukerfi þetta er næst yfirborði undir miðju vatninu, en hallar inn undir land til austurs. Ekki var lengur talið að berggangarnir, sem áður voru taldir leiða vatnið, léku aðalhlutverk í jarðhitavirkninni undir Urriðavatni. Í kjölfarið var hola 8 boruð. Hún sker góða ca. 75°C heita vatnsæð á u.þ.b. 840 m dýpi og hefur reynst mjög gjöf. Hefur hola 8 dugað hitaveitunni allt frá virkjun hennar í lok árs 1983.

Viðbrögð jarðhitakerfisins við dælingu síðustu 26 árin hafa sýnt að jarðhitakerfið undir Urriðavatni er öflugt. Meðal annars hefur engin langtímaþrýstingslækkun orðið í kerfinu og virðist hola 8 alltaf jafnfljót í sjálfrennsli þegar slökkt er á dælu í henni. Breytingar í efnainnihaldi vatns úr holu 8 benda til áframhaldandi kaldara innstreymis að ofan, en þó í minna mæli en áður. Innstreymið virðist auk þess hafa náð nokkurn veginn jafnvægi og hefur það ekki valdið nema óverulegri kólnun holu 8 enn sem komið er.

Markaður fyrir heitt vatn hjá Hitaveitu Egilsstaða og Fella hefur vaxið ört síðasta áratuginn vegna mikillar aukningar í hituðu rými, einkum síðustu árin. Var svo komið í kringum aldamótin að hola 8 var hætt að anna þörfinni í kuldaköstum og þurfti því að grípa til olíukyntrar kyndistöðvar veitunnar, með tilheyrandi kostnaði. Varaafl veitunnar, sem fékkst úr holum 4 og 5, var orðið ófullnægjandi og með mun lægri



Borun holu 9 með jarðbornum Sleipni sumarið 2001. Einnig sjást holur 4, 5 og 8.



Guðmundur Davíðsson veitustjóri HEF og Steinar M. Þórisson borstjóri Sleipnis við prófun holu 10 í borlok sumarið 2005.



og Hitaveita Egilsstaða og Fella

vatnshita en hola 8. Vorið 2001 var því afraðið að bora nýja vinnsluholu. Við staðsetningu hennar var byggt á líkaninu sem hola 8 var staðsett eftir, en miðað við að holan skæri uppstreymisrás jarðhitakerfisins norðar og nokkru dýpra en hola 8. Hola 9 varð 1840 m djúp og voru neðstu 340 m hennar stefnuboraðir til NNV undir vatnið. Þegar upp var staðið reyndist hola 9 aðeins hálfdrættingur á við holu 8, en hefur nýst vel sem toppaflshola og til vara.

Hola 9 er talin hafa skorið sprungubeltið sem hola 8 fær vatnið úr, en einhverra hluta vegna er það ekki eins opið í fyrrnefndu holunni. Í ljósi þessa stóð Hitaveita Egilsstaða og Fella fyrir átaki veturinn 2003/2004 þar sem jarðhitakerfið undir Urriðavatni var kannað nánar með nokkrum fjölda hitastigulsholna í þeim tilgangi að endurmeta og bæta líkanið af jarðhitakerfinu. Niðurstöðurnar bentu ekki til þess að umblyta þyrfti líkaninu, en mikil uppbygging á veitusvæði HEF gerði það að verkum að þörf var fyrir eina vinnsluholu til viðbótar.

Hola 10 var boruð sumarið 2005. Hún var stefnuboruð frá landi og ætlað að skera meintan aðalvatnsleiðara jarðhitakerfisins á mótis við holu 3 á um 800-1000 m dýpi. Holan reyndist alveg þétt og var því ákveðið að nota fódraða hluta hennar áfram. Steyptur var tappi í holuna neðan fódringar og borað út úr henni á rúmlega 400 m dýpi með stefnu til vesturs undir sprungusvæðið. Markmiðið var að skera meginsprungurnar á svipuðu dýpi og hola 8 gerði eða á liðlega 800 m. Öllum að óvörum kom sáralítið vatn í holuna á þeim slóðum, þó hola 10 hafi farið mjög nærri holu 8. Borun var haldið áfram til vesturs með það að markmiði að skera allar mögulegar sprungur sem mátti tengja til yfirborðs út frá legu uppstreymis heits vatns á botni Urriðavatns. Á 1329 m dýpi var öflug æð skorin og önnur 20 m


neðar. Lokadýpi holunnar varð 1394 m. Myndir frá hljóðsjá („televíuer“) sýndu að sprunga með N-S stefnu og 79°C

heitu vatni var skorin við berggang á umræddu dýpi.


Halli sprungunnar bendir til þess að tengja megi hana við vestasta hluta uppstreymisrásanna á botni Urriðavatns. Það staðfestir að uppstreymisrás jarðhitakerfisins undir Urriðavatni er ekki bundin við eina sprungu, eins og líkanið af kerfinu gerði ráð fyrir, heldur flóknara kerfi sprungna og bergganga. Niðurstöðurnar sýna jafnframt að ef hola 6 hefði verið boruð dýpra á sínum tíma, þá hefði hún skorið meint sprungukerfi og líklega komið í vatn.

Hola 10 verður tekin í notkun snemma árs 2006 og útlit fyrir að hún, ásamt holum 8 og 9, muni standa undir rekstri HEF næstu ár og áratugi.

Einfölduð mynd af byggingu jarðhitakerfisins undir Urriðavatni samkvæmt núverandi hugmyndum. Myndin sýnir legu sprungna og bergganga (mislitir fletir) sem stjórna rennsli vatns í jarðhitakerfinu og hvernig vinnsluholurnar (UV-8; 9 og 10) skera þessi fyrirbæri. Myndin er unnin í Fledermaus.



Mynd af aðalæð holu 10 á 1329 m dýpi sem tekin var með hljóðsjá („televíuer“). Æðin er í sprungu sem hallar til austurs um 10° frá lóðréttu. Vinstri hluti myndarinnar sýnir ímyndaðan kjarna úr holunni og hægri hlutinn yfirborð kjarnans flatt út á tvívíðan flöt.



Verkefni ÍSOR í Úganda

Yfirborðsrannsóknir
á tveimur svæðum
í leit að
nýtanlegum
jarðhita

Undanfarin tvö ár hafa jarðvísindamenn frá ÍSOR og Orkuveitu Reykjavíkur unnið að jarðhitarannsóknum í Úganda í samvinnu við heimamenn. Vinna íslensku sérfræðinganna er kostuð af Próunarsamvinnustofnun Íslands. Markmið rannsókna er að kanna hvort unnt sé að nýta jarðhita í Úganda til raforkuframleiðslu. Þrjú svæði í vesturhluta landsins koma helst til álita, Kibiro, Buranga og Katwe. Tvö þessara svæða voru rannsökuð.


Við rannsóknirnar er beitt hefðbundnum aðferðum til jarðhitaathugana á háhitasvæðum. Jarðfræði svæðanna er kortlögð, einkum lega sprungna og misgengja sem gætu átt þátt í uppstreymi jarðhitans. TEM viðnámsmælingum svo og þyngdar-mælingum er beitt til þess að finna legu og umfang jarðhitakerfisins. Sýni eru tekin af jarðhitavatninu ef hægt er, því efnafræði vatnsins gefur til kynna hitastig í jarðhitageyminum.

Námskeiðahald sem
starfsmenn ÍSOR taka þátt í.

Níkaragúa

2006

Kostaríka
2006



Viðnámskort af Katwe-svæðinu.

Kibiro

Rannsóknir hófust 2004 og var haldið áfram 2005. Í viðnámsmælingunum kom fram skýrt afmarkað lágvíðnám, sem talið er geta verið merki um jarðhitakerfi. Í framhaldi af mælingunum var grunnur rannsóknarholur valinn staður en með borun þeirra er gengið úr skugga um hvort um jarðhitakerfi sé að ræða. Sérfræðingar á ÍSOR annast eftirlit með borununum, sem enn standa yfir, en Alþjóðabankinn kostar sjálfa borunina.


Katwe

Yfirborðsrannsóknir hófust 2003 sem hluti af verkefni sem Afríski Próunarbancinn stóð straum að. Þeim var haldið áfram 2005 undir stjórn sérfræðinga ÍSOR. Jarðeðlisfræðilegu mælingarnar sýndu skýr merki sem tengjast höggun og brotavirkni. Einnig komu fram ummerki sem talin eru geta tengst jarðhitavirkni. Grunnar rannsóknarholur til að kanna hitaástand á þessu svæði hafa jafnframt verið staðsettar og verða þær boraðar í beinu framhaldi af borunum á Kibiro svæðinu.

Bendi grunnu rannsóknarboranirnar til þess að finna megi álitlegt jarðhitakerfi á öðru eða báðum rannsóknarsvæðunum verður næsta skref að bora djúpar rannsóknarholur.



Jarðhitakennsla í starfi ÍSOR



Kennsla í jarðhitafræðum hefur löngum verið ríkur þáttur í starfi ÍSOR. Langmesta framlag ÍSOR til jarðhitakennslu hefur ávallt verið við Jarðhitaskólann. Sérfræðingar ÍSOR eru námsstjórar í sjö af níu námsbrautum skólans og á árinu 2005 var um 60% kennslu við skólann í höndum ÍSOR. Í vinnuframlagi samsvarar kennsla við Jarðhitaskólann um tveimur mannárum á ÍSOR.

Frá því Jarðhitaskólinn tók til starfa 1979 hefur verið boðið upp á sex mánaða þjálfun hér á landi. Í fyrstu sóttu um og innan við tíu nemendur skólann ár hvert, en síðasta áratuginn hafa þeir verið um 20. Frá 2000 hefur skólinn styrt nemendur til meistaranáms við Háskóla Íslands og gildir námið við Jarðhitaskólann sem hluti af meistaranáminu. Sérfræðingar ÍSOR hafa einnig komið að þeirri kennslu en í minna mæli en að hefðbundinni kennslu skólans.

Undanfarin ár hefur Jarðhitaskólinn undirbúið námskeiðahald utan Íslands og ákváðu íslensk stjórnvöld að framlag Íslands til þúsaldarmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda verði árleg jarðhitanámskeið í Austur-Afríku, Mið-Ameríku og Asíu.

Jarðhitaskólinn hélt fyrsta námskeiðið 14.-18. nóvember 2005 í Kenýa í samstarfi við Landsvirkjun Kenýa, Þróunarsamvinnustofnun Íslands og Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP). Nefndist það „Workshop for Decision Makers on Geothermal Projects and their Management“. Til þess var boðið yfirmönnum orkuráðuneyta, orkufyrirtækja og jarðfræðistofnana í sex löndum Austur-Afríku, en þau eru Djíbútí, Eritrea, Eþíópía, Kenýa, Tanzanía og Úganda. Sigdalurinn mikli í Austur-Afríku liggur um löndin með eldvirkni og gríðarlegum möguleikum á jarðhitavinnslu. Í Kenýa eru um 12% raforku framleidd í jarðgufuvirkjunum og áform um mikla aukningu. Í hinum löndunum er virkjun jarðhitans mun skemmra komin.

Á námskeiðinu var fjallað um skipulag við rannsóknir og virkjun jarðhitans, fjármögnun framkvæmda og reynslu af rekstri jarðhitavirkjana. Þátttakendur voru um 30 og greindu þeir frá jarðhitanum og virkjun hans í sínum heimalöndum, en aðalfyrirlesararnir komu frá Eþíópíu, Kenýa, Filippseyjum og Íslandi. Námskeiðið tókst mjög vel og var sérstaklega ánægjulegt að sjá og heyra hversu vel fyrrum nemendur Jarðhitaskólans frá þessum löndum standa sig í starfi, en átta þeirra fluttu erindi á námskeiðinu.

Kennsla í jarðhitafræðum á vegum Jarðhitaskólans og námskeiðahald utan Íslands er snar þáttur í starfi ÍSOR



Myndir að neðan:

Til vinstri: Þátttakendur á námskeiðinu í Kenýa. Íslensku fyrirlesararnir voru Ingvar Birgir Friðleifsson, forstöðumaður Jarðhitaskólans, og starfsmenn ÍSOR, þeir Sverrir Þórhallsson, verkfræðingur og eðlisfræðingarnir Benedikt Steingrímsson og Knútur Árnason.

Til hægri: Jarðhiti nýttur í ylærkt.



Flokkun jarðhitafyrirbæra á háhitasvæðum

*Djúpvatn,
hverir með klórríku vatni*

Gufuhverasvæði

Sprengigígur

*Kolsýruhverir,
laugar og ölkeldur*

Afrennsli frá háhitasvæðum

Hverasvæði í jöklum

Mannaverk á hverasvæðum

Útkulnuð fyrirbæri

Háhitasvæði draga víða að fjölda ferðamanna, einkum vegna fjölbreytni og litadýrðar. Á þeim er að finna margvísleg fyrirbæri og furður sem ekki hafa fyrr verið flokkuð og kortlögð skipulega. Eðli háhitasvæða er að vera síbreytileg, ný fyrirbæri verða til og önnur hverfa. Orkuvinnsla úr háhitasvæðum getur einnig stuðlað að breytingum, oft til aukningar á hveravirkni. Þá skapar athafnasemi og vaxandi umferð ferðafólks nokkra hættu á að jarðhitafyrirbæri skemmist. Því er æskilegt að kanna vel hversu algeng og sérstæð þau eru til að unnt sé að grípa til verndarráðstafana þar sem við á.

Í tengslum við fyrsta áfanga Rammaáætlunar stjórnvalda um nýtingu vatnsafls og jarðvarma lét Orkustofnun gera tillögur að flokkun yfirborðsjarðhita á háhitasvæðum til að leggja til grundvallar við mat á náttúruverndargildi þeirra.

Síðan hefur flokkunin verið þróuð áfram í ljósi nýrrar þekkingar. Hún miðast við að auðvelt verði að greina fyrirbrigðin úti í náttúrunni. Alls voru skilgreind 47 jarðhitafyrirbæri sem skiptast í átta flokka. Þar af eru 28 fyrirbæri á virkum svæðum, 11 þar sem mannshöndin hefur komið nærri og síðan átta útkulnuð. Jafnframt var tekið saman yfirlit um þekkta dreifingu þeirra.

Enn er þekking á yfirborðsfyrirbærum á háhitasvæðum takmörkuð og þörf á að kanna dreifingu einstakra fyrirbæra til að meta verndargildi þeirra, bæði vísindalegt gildi og ekki síður fágæti þeirra. Með aukinni nýtingu svæðanna er nauðsynlegt að geta fylgst með breytingum sem nýting hugsanlega veldur. Til þess þarf að kanna svæðin ítarlega áður en vinnsla hefst.



Haukur Jóhannesson
í Vonarskarði.

Ölkeldur



Köld ölkeldulaug
í Vonarskarði.



Volg
ölkeldulaug í
Vonarskarði.

Útkulnuð fyrirbrigði



Leirhver í
Vonarskarði.

Gufuhverasvæði

Kulnaðir
hverabollar á
Torfajökulssvæði.



Brennisteinspúfur í
Fremrinámum.

Yfirborðsummyndun
í Vonarskarði.



Goshver á Kili,
Eyvindarhver.



Lækjargosi í
Vonarskarði.



Hverasölt í
Fremrinámum.



Sortulækur í
Vonarskarði.

Útfellingarannsóknir

Leitað hefur verið lausna á vandamálum tengdum útfellingum og tæringu



Búnaður til útfellingaprófunar við mismunandi þrýsting.



Útfellingasýni við varmaskiptaprófun.

Jarðhitavatn á Íslandi er að mestum hluta úrkoma sem á löngum tíma hefur borist djúpt í jörðu og náð að hitna þar og jafnframt leysa upp ýmis steinefni í berggrunninum. Í tímans rás hefur náðst jafnvægi í efnastyrk vatns og berglaga við ríkjandi hita og ytri aðstæður. Því heitara sem vatnið er því meira leysir það að jafnaði upp af steinefnum. Þegar það er síðan leitt í burt um borholur verða örar breytingar á hita þess og þrýstingi, og í háhitaholum tekur vatnið auk þess að sjóða. Þá leita efnin í vatninu nýs jafnvægis sem í flestum tilfellum getur leitt til þess að steinefni falla út. Ókristölluð efni eru leysanlegri en kristölluð. Þekking á þessu ferli gerir mönnum kleift að fást við útfellingar við nýtingu jarðhitavats. Einnig er unnt að ráða við eða hafa áhrif á útfellingar með hönnun vinnslurása eða með íblöndun efna. Beita þarf stærðfræðilíkönun til að reikna flókið samspil vatns og bergs og segja til um mettnarástand vatnsins. Sömu aðferðum er beitt til að spá fyrir um hita í jarðhitakerfi út frá efnasýni, en þannig fást svonefndir jarðefnahitamælar. Á Íslenskum orkurannsóknnum er starfrækt sérhæfð efnarannsóknarstofa til greininga á jarðhitavökva, bæði fyrir og eftir að nýting hefst.

Nýting varmans í vatninu felst í að lækka hita þess og því ræður efnasamsetningin því hve góðri nýtni hægt er að ná. Á Íslandi háttar svo til að lághitavatn er fremur steinefnasnautt og því hefur í langflestum tilfellum tekist að nýta jarðhitavatn í hitaveitum án útfellinga. Stærsta útfellingavandamál sem fengist hefur verið við hér tengdist því að ekki reyndist mögulegt að blanda saman jarðhitavatni og upphituðu ferskvatni vegna útfellingar steinefna. Í því tilfelli var það kísilstyrkur jarðhitavats og magnesíumstyrkur ferskvats sem ekki fór saman við blöndun og út féll magnesíumsílikat. Lausnin fólst í því að halda þessum tveimur vatnsgerðum aðgreindum í veitukerfinu. Við kalkútellingar hafa verið notuð íbætiefni eða þá að sýru hefur verið bætt út í hitaveituvatn til að lækka pH-gildi þess. Langvarandi nýting lághitasvæða veldur breytingum á efnasamsetningu vatnsins og því er fylgst með svæðunum svo hægt sé að grípa í taumana verði óæskilegra breytinga vart. Starfsmenn ÍSOR og hita- og orkuveitna taka reglulega sýni af heita vatninu á hverjum stað til eftirlits með hita og efnastyrk.

Framfarir í túlkun efnagreininga og reynsla sem fengist hefur af rekstri virkjana á háhitasvæðum s.l. fjórutíu ár hefur gert það að verkum að nú er hægt að spá mun betur fyrir um líkur á útfellingum. Enn eru þó gerðar hnitmiðaðar tilraunir í stórum skala, einkum til að meta hraða útfellinga og áhrif íbætiefna. Á háhitasvæðum er það kísilstyrkurinn sem ræður mestu um það hversu vel er hægt að nýta hitann í vatninu. Yfirleitt er ekki hægt að kæla vatnið um meir en 100°C án þess að til útfellingar ókristallaðs kísils komi. Sé háhitasvæðið þannig með 250°C hita er einungis hægt að kæla vatnið í 150°C. Útfellingin er misör og er frekar hægfara í ósöltu vatni og hægja má enn frekar á henni með því að bæta sterkri sýru út í vatnið.

Nú er farið að dæla affallsvatni niður á háhitasvæðum og því fylgir óvissa um útfellingarmátt. En slíkt affallsvatn má einnig nýta til rafmagnsframleiðslu með tvívökvahverflum.

Starfsmenn ÍSOR hafa áratuga reynslu af því að fást við vandamál tengd útfellingum og hefur tekist að finna lausnir sem gera útfellinga- og tæringarvandamál hitaveitna viðráðanleg. Glögg þekking á útfellingum er forsenda farsællar nýtingar jarðhita og enn frekari rannsóknir þurfa að koma til. Að þeim er nú unnið á ÍSOR.



Að störfum austan við Námafjall 1958. Frá vinstri: Freysteinn Sigurðsson, Guðmundur Guðmundsson og Jón Jónsson.

Síðla árs 2005 lést Jón Jónsson, jarðfræðingur, 95 ára að aldri.

Jón var alinn upp við kröpp kjör og varð ungur að sjá sjálfum sér farborða. Hann fór í háskólanám á fullorðinsárum og var orðinn 48 ára gamall þegar hann lauk jarðfræðinámi frá Stokkhólms-háskóla. Frá þessu er betur greint í bókinni Eyjar í eldhafi sem gefin var út til heiðurs Jóni er hann varð 85 ára.

Jón Jónsson hóf störf árið 1958 hjá Jarðhitadeild raforkumálaskrifstofunnar, sem síðar varð að Jarðhitadeild og Rannsóknasviði Orkustofnunar og enn síðar að Íslenskum orkurannsóknum (ÍSOR). Var Jón fyrsti jarðfræðingurinn, sem þangað var ráðinn. Smám saman jókst vegur og virðing jarðvísindanna á Orkustofnun sem á fáum árum varð stærsti vinnustaður jarðfræðinga á landinu. Það var fyrst og fremst vinna íslensku jarðfræðinganna á sjöunda og áttunda áratugnum sem hóf jarðvísindin til vegs og virðingar í íslensku samfélagi og skóp þá auðlegð sem nýting jarðhita er landsmönnum. Þar átti Jón drjúgan hlut að máli, ekki síst með mörgum og fræðandi greinum sem hann ritaði fyrir almenning á síðum Náttúrufræðingsins.

Hjá Jarðhitadeild sinni Jón fyrst og fremst jarðhitarannsóknunum, jarðfræðikortlagningu og neysluvatnsmálum. Um tíma gegndi hann starfi forstöðumanns Jarðhitadeildar í fjarveru Guðmundar Pálmasonar. Merkasta verk Jóns var án efa kortlagning hrauna á Reykjanes-skaga.

Þá vann Jón ráðgjafastörf í jarðhitamálum erlendis, m.a. í Mið-Ameríku og Afríku.

Jón lét af störfum hjá Jarðhitadeild vegna aldurs árið 1980. Eftir það vann hann áfram að jarðhita- og jarðfræðirannsóknunum. Hann varð þá hvatamaður að rannsóknunum og jarðhitaleit undir Eyjafjöllum og í Vík. Auk þess ritaði hann margar greinar í Náttúrufræðinginn um rannsóknir sínar á efri árum.

Langt fram yfir nírátt mætti Jón á ársfundi Orkustofnunar og á ýmsa atburði og ráðstefnur tengdar stofnuninni og fræðasviði hans þótt döpur heyrn gerði honum erfitt fyrir. Áhuginn var til staðar.

Að leiðarlokum þakka Íslenskar orkurannsóknir Jóni fyrir langt og heilla-drjúgt starf í þágu íslenskra jarðvísinda og jarðhitarannsóknna.

Ýmis verkefni á árinu

Kortlagning

Hveragerðisbær fól ÍSOR að uppfæra gamalt hita-kort og kortleggja að nýju sprungur á fyrirhuguðum byggingarsvæðum. Hiti var mældur á 0,5 m dúpi í jarð-vegi á víðáttumiklu svæði. Rannsóknarsvæðið var flokkað í reiti eftir líkum á hita í jörð. Á öllum mæli-svæðunum, og raunar töluvert út fyrir þau, var jafn-framt leitað að einkennum sem bent gætu til sprungna. Gert var sérstakt sprungukort af svæðinu. Nýir hita-flekkir hafa komið fram á síðustu árum sunnan við varmaskiptistöðina í Hveragerði, sem sýna hvernig jarð-hitinn breytist með tíma.



Háhitasvæði

Að beiðni Orkustofnunar voru jarðfræðilegar aðstæður kannaðar og jarðhiti kortlagður í Kerlingarfjölum og á Hveravöllum á Kili. Gefnar voru út skýrslur um rannsóknirnar með jarðfræðikortum á árinu 2005. Kerlingarfjöll eru megineldstöð með tveimur allstórum öskjum, og háhitasvæði sem tengist þeim. Hveravirkni er mikil og óvída á háhitasvæðum munu laugar, hverir og gufuaugu jafn þéttstæð. Efnahitamælar gefa til kynna að hiti nái allt að 300°C. Hveravellir er lítið háhitasvæði á íslenskan mælikvarða, en rannsóknir hafa þó leitt í ljós að það er stærra en talið hefur verið. Vatnið á Hveravöllum er kísilríkt og því engin furða að kísilútfellingar eru miklar og fallegar. Hiti í jarðhitakerfinu liggur líklega nærri 280°C.

Magnús Ólafsson að hitamæla.

Kaldavatnsöflun

ÍSOR gerði á árinu úttekt á stöðu neysluvatnsmála í Árborg fyrir framkvæmda- og veitu-svið bæjarfélagsins. Lagt var mat á afköst núverandi vatnsbóla og stækkunarmöguleika þeirra og fjallað um vatnsöflunarkosti byggðarlagsins á næstu árum. Lagt var til hvaða svæði skulu vernduð með framtíðarnot í huga. Vatnsból Selfoss sunnan undir Ingólfsfjalli hljóta að verða notuð til langrar frambúðar. Bent er á lindirnar við Kotferju og Urriðafossindir sem vænlega staði til vatnsvinnslu.


Lind og vatnsból hjá Fjallstúni við austanvert Ingólfsfjall.



Varmadællur

Tekið hefur verið saman yfirlit um notkun varmadælna til húshitunar hérlandis og hagkvæmni þeirra metin miðað við nágildandi raforkuverð. Virkni varmadælna er ljúgt og helstu útfærslum þeirra til upphitunar. Hár stofnkostnaður og lágt raforkuverð til húshitunar eru tvær meginástæður þess hversu lítið varmadællur eru notaðar hér á landi. Víða erlendis eru þær mikið notaðar, s.s. til kælingar í Bandaríkjunum og hitunar á Norðurlöndunum. Verkið var unnið fyrir Orku-stofnun.

Dæmi um varmadælu.



Djúpborun

Öll fyrirtækin, sem að tilraunaverkefninu standa, Orkuveita Reykjavíkur, Hitaveita Suðurnesja, Landsvirkjun og ríkisstjórn Íslands (Orkustofnun umsjónaraðili) hafa ákveðið að veita fé til framhalds djúpborunarverkefnisins. Jafnframt hafa tveir erlendir rannsóknarsjóðir samþykkt að styrkja kjarnaboranir í djúpu borholunni. Borað verður í 4 km dýpi árið 2006 og teknir nokkrir stuttir borkjarnar í leiðinni, og síðan með samfelldri kjarnatöku í 5 km 2007. Á árunum 2008–2009 verða gerðar rennslis- og vinnslutilraunir á holunni.

Frá prófun holu RN-17 á Reykjanesi.



Jarðhitaleit

Jarðhitaleit á vegum Skagafjarðarveitna með það að markmiði að finna heitt vatn fyrir Hofsó og nærliggjandi byggðir leiddi til þess að boruð var hola á Hrolleifsdal. Árangur var góður og líkur eru að vatn úr holunni dugi í hitaveitu fyrir byggðarlagið. Einnig var boruð hola með góðum árangri á Reykjum í Hjaltadal fyrir Hólastað vegna mikillar uppbyggingar þar.


Verið er að kanna möguleika á hitaveitu fyrir Grundarfjörð. Jarðhiti næst byggðinni er úti í sjó, á Laugaskeri um 380 m frá landi út af Berserkseyri. Heita vatnið, sem kemur upp á stórstraumsfjöru, hefur mælst allt að 50°C heitt og er kolsýruríkt.

Práinn Friðriksson við hitamælingu á Laugaskeri.

Jarðgöng

Sumarið 2005 annaðist ÍSOR könnun á jarðtæknilegum aðstæðum til jarðgangagerðar milli lands og Vestmannaeyja fyrir Vegagerðina. Rannsóknirnar fólust í flugsegulmælingum yfir Austur-Landeyjum, bylgjubrotsmælingum á landi og á sjó og athugunum á lekt jarðlaga á Heimaey. Með segulmælingunum er lagt gróft mat á hvar grynnt er á berggrunninn undir lausum setlögum, en með bylgjubrotsmælingunum er hljóðhraði í jarðlögum metinn, þykkt þeirra og dýpi niður á þétt berg.

Segulkort af Austur-Landeyjum.



ÍSOR activities in 2005

General information

Iceland GeoSurvey (ÍSOR) is a research institute providing a wide spectrum of energy research, exploration and development services in Iceland and abroad, particularly to the energy sector. ÍSOR's expertise is particularly strong in fields related to geothermal sciences and utilisation, but it is also well equipped to tackle related projects and assignments. Such activities demand expert knowledge in various fields of earth and engineering sciences.

The GeoSurvey is self-financing and operates on free-market principles on a contract and project basis. Although a new company, ÍSOR is based on 60 years of continuous experience in the field of geothermal and hydropower research and development. ÍSOR is organised into three main specialist departments, Geology, Geophysics and Engineering. It also runs an affiliated branch office in Akureyri.

The staff of ÍSOR offers high-quality research services and consultancy in most categories of geothermal exploration, development and utilisation.

Main activities

Many of the GeoSurvey's activities in 2005 were related to the utilization of high-temperature areas for electricity generation. As in the previous year the main focus was on two sites, Hellisheiði and Reykjanes, where geothermal power plants are under construction. ÍSOR's main role is to carry out general exploration of the fields, including surface exploration and evaluation of data from drillholes. ÍSOR sites exploration and production wells, and evaluates their geothermal characteristics and production capacity. The results are integrated into a conceptual model of the geothermal reservoir which forms a basis for numerical modelling of the reservoir to assess the generating capacity of the field. ÍSOR also advises developers on cold water supplies and on disposal of effluent water.

Various exploration studies, including geological mapping, chemical sampling and analysis, and geophysical surveys, were conducted in other high-temperature geothermal areas. A number of low-temperature geothermal areas were also studied. Successful drilling on some of these has identified prospects for a few new district heating services. A few geophysical surveys were also done on hydropower tunnel routes and possible road tunnel sites.

